

Kristín Bjarnadóttir:

Krókrétt, stafrétt ...

Klím á nútímamáli.

Sprok á fundi Góðvina Grunnavíkur-Jóns.

Reykjavík 27.1.2011

Úthenda.

Krókrétt, stafrétt, stafrétt umritun, staðlað, nútímamál ... og Klím

- Krókrétt: ý ý ý wy ý,ý. Allir varíantar.
- Stafrétt: ý wy. Mismunandi broddar sameinaðir.
- Stafrétt umritun: wy > ý. Stafur á móti staf (með samfalli).
- Staðlað, m.v. ritunartíma: sbr. Jón Helgason í útg. á Klím (sjá næstu síðu).
- Nútímamál: Miðað við núgildandi stafsetningarreglur.

Nikulás Klím. Íslenzk þýðing eftir Jón Ólafsson úr Grunnavík (1745). Jón Helgason bjó til prentunar. Prentað í Kaupmannahöfn 1948.

Til skilnings á íslenzkri málsögu er nauðsynlegt að rit frá ýmsum tímum verði vandlega könnuð á marga vísu, m. a. gert yfirlit um þær orðmyndir sem helzt hafa verið breytingum undirorpnar á liðnum öldum. Ekkert 18. aldar rit hefur hingað til verið rannsakað með þetta mark fyrir augum. Það yfirlit sem hér fer á eftir er lítil tilraun til að bæta úr þessu og mun koma að meiri notum síðar er fleiri rit hafa verið athuguð á sama hátt, svo að unnt verður að bera saman. (JH 1948:298)

Innslegni textinn er 250 síður. Þar er utanmálgreinum í handriti sleppt en þær eru prentaðar í bókinni á bls. 251-266.

Stafsetningin á útgáfu Jóns Helgasonar á Klím

„Í útgáfunni er handritinu fylgt í höfuðatriðum svo að stafur svarar staf.“ (JH 1948:292)

- Hástafir eru að jafnaði ekki með broddum eða punktum hjá JÓlGrv.
- JH fækkar hástöfum mjög, t.d. í nafnorðum sem flest eru með hástaf.
- Samsett orð eru í útgáfunni að jafnaði í einu lagi. Í handritinu er oft bandstafur eða bil.
- JH hefur lagað orðmyndir þegar honum sýnist svo, t.d. bls. 79 *eikur* f. *eckjur*. (JH 1948:XV)
- JH notar oddklofa þar sem þurfa þykir, t.d. *ofdyr<f>ska*.
- „Bönd eru allvíða notuð, en aðeins hin venjulegu, og er óþarfi að gera nánari grein fyrir þeim.“ (JH 1948:XIV)

Um *er*-merkið í endingum er sagt að það merki *-er*, en réttara væri að skrifa *-ir* „juxta pronuntiationem“ (samkvæmt framburði); sama máli gegni um *-e* í endingarlok, að *-i* væri réttara: *eg segi manni*. Loks er því haldið fram að endingin *-ur* eigi heima í fleirtölumyndum eins og *fætur*, *nætur*, en ekki í karlkynsorðum og sagnmyndum: *maðr*, *goðr*, *geingr*. Engin málsöguleg tilhæfa er í þessu fremur en sumu öðru sem í þessum kafla stendur.

\bar{m} : *framm-*, *umm-* í útgáfunni, en *um* (sem sjálfstætt orð).

í, ś: f. *rr*, *ss* í útgáfunni (líka R, *rr* með punkti og *s* með 2 punktum).

Bagga-f með punkti: f. *ff*, t.d. *Hoff-maðr*.

- JH breytir *y* stundum í *y*, t.d. í *sýsla*.
- JH breytir *ij* (*i*) stundum í *y*, t.d. í *skýring*.

Stafatafla unnin úr eftirmála Jóns Helgasonar við Klím

á		á	ǎ	ä	a	ǎ	ä	aa						
í			í	ï				ij						
	j													
ó		ó			oo			oo						
ú	w													
			ú	ü										
ý	y*	ý	ÿ	ÿ	w	ÿ	ÿ	ij*						
au					v			au						
ö									ø	ö	ø		(œ)	
	ø									ø				
ð	d													mð>md
	ð													

Fremsti dálkur: stafsetning JH. Ómerktir stafir í aftari dálkum eru í handriti JÓlGrv. Stjórnumerkir stafir eru úr stafsetningarbreytingum sem JH gerir. (œ) er í erlendum orðum hjá JÓlGrv. Stafnum *ę* bregður örsjaldan fyrir í Klím og er merktur í innslegna textann en er ekki inni í vörpunartöflu eða reglunum.

Klím, tölvutæki textinn og breyting til nútímamáls

Ég sló textann inn fyrir margt löngu, til eigin nota. Núna gerði ég tilraun til að búa til vörpunartöflu á milli orðmynda úr innslegna textanum og nútímamáls. Í vörpunartöflunni eru bara heilar orðmyndir, þ.e. ekki er reynt að búa til stafsetningarreglur til keyrslu.

- 9.643 línur af innslegnum texta
- 85.902 lesmálorð
- 27.212 breytt lesmálorð
- 16.709 orðmyndir (þ.m.t. tölur og tákni)
- 8.040 breyttar orðmyndir
- 8.634 óbreyttar orðmyndir

Í vörpunartöflunni eru nú **8.041** lína.

Sýnishorn úr Klím (bls. 97-98)

Af því er **einginn settr** til **almennts tignar embættis**, sem er **eldre enn fertugr**; því þá hann er **so** gamall orðinn, þá má kalla hann **at** vera ei **annat enn** einn óhlýðinn strák, sem **móðerin hlýtr enn** nú að **typta**. **Hjer** sá **eg** ísgráa menn þrasa, og hafa óra saman á götunum, og drífa tíðina með **barnaleikum**. Til dæmis: Þeir byggðu **sjer** smáa **hússkofa**; spenntu mýs **fyrer** dálitla pappavagna; **ljeku** odda og jafna (ludere par impar); riðu staurum, og **so frammevegis**. Sökum þessa gantaskapar og **látæðes** voru þeir **opt skammyrðer** af drengjum og stundum **rekner** heim með svipum. **Eg** sá **gamlann** karl drífa með **keire** skopparasnúð (spilatopp) á almennu **torge**; **enn** þó **hafðe þesse same maðr fyrir um staðit** í **stórre virðingu**; og **verit præsident** í einu miklu ráðe. **Eg hefe einnin** merkt þessa öfuga skipan og **ordu** á beggja slags **kyn**e: Ef **nockr úngligr** kvongar sig **gamalle** konu, þá **seger** allt fólk um hann **at** hann **mune** bráðum verða **innteiknaðr** í **kokkála töluna**, og er **þat** beint **gagnstæðt** því sem hjá oss er **vandt at viðgangast, nefneliga**: Þá gamall karl kvongar sig með **úngre** stelpu, þá óttast menn **at** slík **óheilinde** og **vanse uppákome**. **Einusinne hitta eg** á **torge** tvo útlifaða menn, sem **kútvellust** hver um **annann** í áflogum. Mig **furðaðe** á **so óvenjuligu tuske so háalldraðra** manna, og þá **eg spurða** mig **fyrer** hvar **fyrer** þeir væru **komner** í **einvíge** saman, **feck eg at** vita, **at** það kom til af einni **skjækju** í **hóruhúse**, sem **báðer villdu** duðra við. Sá er **mjer sagðe** frá, **lagðe** það til, ef þessi þrákelkni, þras og losaæði þessara beggja gömlu **gikkja** bæríst til eyrna þeirra **fjårhaldzmönnum**, mundu þeir **báðer** fá **fullann mæli**r af forsugum slögum. Sama **qveld sagðe mjer enn þá** einn **annarr, at** gömul **kerligr nockur hefðe heingt** sig, vegna þess **at úngur mannhafur nockrr** veitt hefði henni afsvör, þá er hún **leitaðe hanns** til **lostaverknaðar**.

Sama sýnishorn, skv. vörpunartöflunni

Af því er **enginn settur** til **almenns tignarembættis**, sem er **eldri en fertugur**; því þá hann er **svo** gamall orðinn, þá má kalla hann **að** vera ei **annað en** einn óhlýðinn strák, sem **móðirin hlýtur enn** nú að **tyfta**. **Hér** sá **ég** ísgráa menn þrasa, og hafa óra saman á götunum, og drífa tíðina með **barnaleikum**. Til dæmis: Þeir byggðu **sér** smáa **hússkofa**; spenntu mýs **fyrir** dálitla pappavagna; **léku** odda og jafna (ludere par impar); riðu staurum, og **svo framvegis**. Sökum þessa gantaskapar og **látæðis** voru þeir **oft skammyrtir** af drengjum og stundum **reknir** heim með svipum. **Ég** sá **gamlan** karl drífa með **keyri** skopparasnúð (spilatopp) á almennu **torgi**; **en** þó **hafði þessi sami maður fyrrum staðið** í **stórri virðingu**; og **verið president** í einu miklu ráði. **Ég hefi einnig** merkt þessa öfuga skipan og **ordu** á beggja slags **kyni**: Ef **nokkur ungligr** kvongar sig **gamalli** konu, þá **segir** allt fólk um hann **að** hann **muni** bráðum verða **innteiknaður** í **kokkálatöluna**, og er **það** beint **gagnstætt** því sem hjá oss er **vant að viðgangast, nefnilega**: Þá gamall karl kvongar sig með **ungri** stelpu, þá óttast menn **að** slík **óheilindi** og **vansi uppákomi**. **Einu sinni hitti ég** á **torgi** tvo útlifaða menn, sem **kútvellust** hver um **annan** í áflogum. Mig **furðaði** á **svo óvenjulegu tuski svo háalldraðra** manna, og þá **ég spurði** mig **fyrir** hvar **fyrir** þeir væru **komnir** í **einvígi** saman, **fékk ég að** vita, **að** það kom til af einni **skækju** í **hóruhúsi**, sem **báðir vildu** duðra við. Sá er **mér sagði** frá, **lagði** það til, ef þessi þrákelkni, þras og losaæði þessara beggja gömlu **gikkja** bæríst til eyrna þeirra **fjårhaldsmönnum**, mundu þeir **báðir** fá **fullan mæli** af forsugum slögum. Sama **kveld sagði mér ennþá** einn **annarr, að** gömul **kerligr nokkur hefði hengt** sig, vegna þess **að ungur mannhafur nokkur** veitt hefði henni afsvör, þá er hún **leitaði hans** til **lostaverknaðar**.

Gróf flokkun á breytingunum

- Hreinar stafsetningarbreytingar: *epter -> eftir*
- Samhengisháðar breytingar: *enn -> en/enn/hin ...*
- Orðmyndir: *hússbóndi > húsbóndi*
- Beyging: *eg spurða -> ég spurði*
- Einstök orð: *konst -> kúnst*

Sýnishorn úr vörpunartöflu

saungurinn	söngurinn		aung>öng					
saungvalandz	söngvalands		aung>öng	z>s				
mechanisk	mekanísk	T	ch>k	isk>ísk				
melancholia	melankólía	T	ch>k	ia>ía				
philosophiskre	filósófiskri	T	e\$>i	isk>ísk	i>í	o>ó	o>ó	ph>f
píluviðarskógje	píluviðarskógi		e\$>i	gj>g				
bygðer	byggðir		er\$>ir	ygð>yggð				
facultætið	fakúltetið	T	c>k	tæt\$>tet	u>ú			
konungsdóttirinn	konungsdóttirin		úng>ung	erinn\$>irin				
canalisku	kanalísku	BULL	c>k	isk>ísk				
alldafarsbókunum	aldafarsbókunum		lld>ld					
ofdyrfska	ofdirfska	JH<>	yr<f>>irf					

Fyrstu tveir dálkarnir eru eiginleg vörpunartafla. Í 3. dálki eru athugasemdir: T=tökuorð (368), BULL=tilbúningur (122), OM=orðmyndir til athugunar (170 + 38 orðmyndir m. *gjör-*), FLEIR=2 orð (89), ATH=athuga betur (70), N=nöfn (27) o.fl. JH<>=vísar til innskots JH. Athugasemdirnar geta fylgt stafbreytingunum inn í textann ef vill en þær birtast auðvitað ekki með í endanlegri gerð. Þannig er t.d. hægt að búa til nafnaskrá, skrá um tökuorð o.þ.h. Sumar breytingar þarf að vinna í höndunum vegna þess að þær eru tví- eða margræðar, t.d. *en>hin/en/enn*. Fljótlegast er að safna öllum slíkum dæmum saman og afgreiða hverja breytingu fyrir sig.

Þar á eftir (dálkar 4-9) er **greining** á breytingunum í vörpunartöflunni, þ.e. undirliggjandi reglur. Oftast er bara ein breyting í orðmynd en þær geta orðið sex:

- 8.040 Ein breyting í orðmynd
- 1.967 Tvær breytingar í orðmynd
- 307 Þrjár breytingar í orðmynd
- 49 Fjórar breytingar í orðmynd
- 14 Fimm breytingar í orðmynd
- 8 Sex breytingar í orðmynd

Reglurnar í töflunni eru óraðaðar. Þær eru alls 364.

Talningin er auðvitað ekki ótvíræð; er breytingin á endingunni **et\$ > ið** ein eða tvær reglur? Athugið tíðni reglna í vörpunartöflunni og tíðnina í sjálfum textanum:

Dæmi: Reglan **e>é** kemur fyrir á 51 stað í vörpunartöflunni. Algengasta vörpunarparið hér er **eg>ég** sem kemur fyrir 1.567 sinnum í textanum.

Algengustu breytingar í vörpunarpörum, yfirflokkar

3.347	Endingin e*>i* (orð og orðhlutaskil)	457	t>ð í bakstöðu
975	Viðskeyti (-lig, -ig o.fl.)	375	Tvírituð samhljóð, dæmi: ll[d t]
845	Sérhljóð á undan ng/nk	200	n>nn/nn>n í bakstöðu
568	u-innskot	186	Framgómun: kj>k, gj>g

Tíðni breytinga í vörpunartöflunni

1.864	e\$>i\$	207	c>k	83	isk>ísk	57	ia>ía	31	ndt>nt	24	ph>f
861	lig>leg	161	at\$>að\$	80	u>ú	52	aung>öng	30	konst>kunst	24	iu>íu
679	er\$>ir\$	148	ann\$>an	79	mm>m	51	e>é	30	en\$>in	23	ch>k
565	r>ur	139	úng>ung	74	gjæ>gæ	47	ðt>t	29	m>mm	22	ns>nns
457	íng>ing	135	pt>ft	68	e=>i	42	llt>lt	29	gje>ge	21	est\$>ist
361	e>i	125	o>ó	66	i>í	41	ygð>yggð	29	ðt>tt	20	rr\$>r\$
334	lld>ld	125	áng>ang	64	vu>u	36	kjæ>kæ	28	a>á	20	iu>ju
296	je>é	121	eing>eng	64	-ig>-ug	35	sch>sk	25	tz>s	20	inn\$>in
282	it\$>ið\$	108	z>s	63	ei>ey	32	kje>ke	25	ia>ja	19	æ>e
267	ck>kk	108	q>k	62	y>i	32	húss=>hús	25	eð\$>ið	19	nd>nnd

Vörpunartaflan og tíðni orðmynda í Klím

1.567	eg > ég	92	under > undir	51	hallda > halda		
740	so > svo	88	skyllde > skyldi	51	aðrer > aðrir		
574	mjer > mér	83	annat > annað	50	þessare > þessari		
479	eðr > eður	81	villde > vildi	50	lángt > langt		
477	þat > það	81	sje > sé	50	híngað > hingað		
476	fyrer > fyrir	78	uppá > upp á	48	nockra > nokkra		
285	hafðe > hafði	76	þat > það	47	hefe > hefi		
260	sjer > sér	72	eckert > ekkert	46	sagðe > sagði		
249	epter > eftir	68	rjett > rétt	46	framm > fram		
219	vjer > vér	68	einginn > enginn	45	gjörðe > gjörði		
212	være > væri	67	ljet > lét	44	skylldu > skyldu		
199	helldur > heldur	65	hlute > hluti	44	sjálfr > sjálfur		
194	hjer > hér	63	sinne > sinni	42	nockurn > nokkurn		
166	móte > móti	60	öllúngis > öldungis	42	hiner > hinir		
158	hefðe > hefði	60	lande > landi	42	embætte > embætti		
148	aptur > aftur	60	Hjer > Hér	41	hjellt > hélt		
145	yfer > yfir	60	alltíð > altíð	41	hafe > hafi		
145	hönum > honum	58	mikit > mikið	41	gánga > ganga		
137	Jeg > Ég	57	þangað > þangað	40	nje > né		
116	hefr > hefur	56	aller > allir	40	hverr > hver		
115	hanns > hans	54	sjeu > séu	40	alldrei > aldrei		
112	verit > verið	54	hit > hið	39	Epter > Eftir		
107	maðr > maður	53	ærit > ærið	38	nockur > nokkur		
97	Eg > Ég	52	Fyrer > Fyrir	38	eige > eigi		
96	munde > mundi	51	sjerdeilis > sérdeilis	37	þeirre > þeirri		

Tíðni orðmynda í Klím

3.857	og	221	þá	111	verit	71	eina
2.585	at	219	sig	108	Þann	71	allra
1.832	sem	218	vjer	107	Upp	70	vorum
1.812	í	217	hafa	107	Maðr	70	hvert
1.567	eg	216	þessa	100	Þessum	69	sjá
1.019	til	212	være	100	Vel	68	sinni
1.007	því	202	einn	98	Mjög	68	rétt
964	á	200	frá	98	Meir	68	einginn
930	þá	199	vera	98	Hvað	67	þú
912	þeir	199	heldur	96	Munde	67	inn
876	með	194	hjer	96	Eg	66	sú
799	af	190	þessu	95	Minn	66	hinn
735	so	175	nú	95	Eitt	65	Hann
735	er	165	menn	94	sínum	65	einu
727	enn	164	móte	93	Þeir	65	áður
716	hann	159	eigi	93	höfðu	63	sinne
589	var	158	hefðe	92	under	63	mínum
544	ei	150	allt	91	mitt	63	hlute
512	að	146	aptur	90	hversu	63	einum
478	eðr	145	yfer	89	hvar	61	gat
476	þat	144	hönum	88	skyllde	61	fólk
476	fyrer	141	hjá	87	kom	60	öldúngis
434	eru	140	ef	84	alla	60	tók
402	um	139	því	81	Þó	60	sýndist
399	þeim	138	hún	81	villde	60	má
381	það	137	Jeg	81	sje	60	alltíð
332	mig	136	þessi	80	annat	60	vita
285	hafðe	126	Og	77	uppá	59	lande
282	þar	125	oss	77	Í	59	Hjer
270	þess	122	öðrum	77	hefði	59	hefðu
260	sjer	119	verða	76	Þat	58	öllu
259	eins	118	þau	75	sína	58	mikit
256	þetta	117	úr	74	væri	57	þangað
253	þó	117	sökum	74	mína	57	strax
249	epter	116	hefr	73	öllum	57	sín
247	þeirra	115	þær	73	mín	57	kominn
247	Enn	113	vegna	73	láta	56	sitt
242	eður	113	tíma	72	miklu	56	koma
225	sá	113	hanns	72	eckert	56	aller
223	voru	112	varð	71	út	54	sjeu

Feitletraðar orðmyndir eru í vörpunartöflunum. Tví- eða margræðar orðmyndir eru með feitu skáletri. Þær breytingar þarf að handvinna.